

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Guineu nr. 277/2015.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Í stað 1.4 tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar varðandi Guineu nr. 277/2015 kemur nýr töluliður sem hljóðar svo:

1.4 Ákvörðun ráðsins SSUÖ 2015/1923 frá 26. október 2015 um breytingu á ákvörðun 2010/638/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðveldinu Guineu, fylgiskjal 1.4.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 22. janúar 2016.

Gunnar Bragi Sveinsson.

Stefán Haukur Jóhannesson.

Fylgiskjal 1.4.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS SSUÖ 2015/1923

frá 26. október 2015

um breytingu á ákvörðun 2010/638/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Lýðveldinu Guineu

Í stað 2. mgr. í 8. gr. ákvörðunar 2010/638/SSUÖ kemur eftirfarandi:

„2. Ákvörðun þessi gildir til 27. október 2016. Hún skal vera í stöðugri endurskoðun. Hana skal framlengja eða henni breyta, eftir því sem við á, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.“ (Efnisútdráttur).